

12. Fundur í umhverfis- skipulags- og bygginganefnd.

Fimmtudaginn 13. september kom USB saman til fundar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn. Mætt: Sigurður Jóhannes Jónsson, Áki Guðmundsson, Jóhanna Helgadóttir og Steinn Karlsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri. Fundur hófst kl 12:13.

Dagskrá:

1. Tillaga að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Þórshöfn.
Björn kynnti tillögu að deiliskipulagi frá Teikn á lofti dags. 11. sept. '07.
Nefndin samþykkir að auglýsa deiliskipulagið skv. gildandi lögum.
2. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.
Nefndin mælir með samþykkt áætlunarinnar.
3. Umhverfisstofnun /LISA- Ráðstefna um landupplýsingar 2007:
Ákvörðun frestað þar til endanleg dagskrá liggur fyrir.
4. Aðgerðir til að draga úr umferðarhraða í íbúðargötum.
Sveitarstjóra falið að leita hentugra leiða til að draga úr umferðarhraða í íbúðarbyggð. Lagður til 15. km hámarkshraði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:06.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.